

Æfingin skapar meistarann

Þjálfunarefni í lesfimi
fyrir mið- og unglingastig



Textar úr
Atvinnumaðurinn
Gylfi Sigurðsson

Ólafur Þór Jóelsson



MENNTAMÁLASTOFNUN

Um leshraða

Hæfilegur leshraði, sem birtist í áreynslulausum lestri, er mikilvægur fyrir lesskilninginn. Ef þú þarft ekki að hugsa mikið um lesturinn sjálfan getur þú einbeitt þér að merkingu textans. Þess vegna skiptir lesfímipjálfun máli.

1

Um lestrarnákvæmni

Gott er að hafa fingur eða blýant undir texta þegar lesið er vegna þess að það:

- Eykur nákvæmni við lestur,
- tryggir betra flæði,
- hjálpar þér að fara ekki línuvillt,
- og tryggir réttan skilning á texta.

2

Undirbúningur undir lestur

Það er alltaf gott að renna yfir texta og athuga hvort hann innihaldi löng eða erlend orð sem þú þarft að æfa sérstaklega. Það er einnig gott að nota fyrirsagnir til að spá fyrir um innihaldið því þá getur þú notað það sem þú veist þegar um efnið til að skilja textann.

3

Um ný orð

Góðir lesarar eru alltaf vakandi fyrir nýjum orðum og eru duglegir að spyrja um merkingu orða sem þeir þekkja ekki. Hvert nýtt orð sem þú lærir hjálpar þér að skilja heiminn betur.

4

Um jákvætt hugarfar

Gott læsi er mikilvægt fyrir velgengni í lífinu. Þess vegna skaltu hafa jákvætt viðhorf til lestrar og ávallt leggja þig fram í þjálfuninni.

5

Skipti	Dagsetning	Tímataka 1 orð 1	Tímataka 2 orð 2	Tímataka 3 orð 3	Lestrarþjálfari	Skóli
1						
2						
3						
4						
5						

6						
7						
8						
9						
10						

11						
12						
13						
14						
15						

16						
17						
18						
19						
20						



1.

Árið 1989 kom fyrsta Gameboy tölvan á markað, Bónus opnaði,	10
Borgarleikhúsið var vígt, Berlínarmúrinn féll og í heiminn kom Gylfi	20
Þór Sigurðsson, einn af allra bestu knattspyrnumönnum	27
Þjóðarinnar. Gylfi fæddist í Hafnarfirði þann 8. september 1989. Það	37
má segja að hann hafi nánast mætt í þennan heim með boltann á	50
tánnum og mjög snemma skein í áhuga hans á fótbolta. Gylfi ólst upp	63
við mikinn fótboltaáhuga, sérstaklega pabba síns og bróður síns, Óla	73
Más. Pabbi Gylfa spilaði sem atvinnumaður í Svíþjóð og Óli Már æfði	85
fótbolta af miklu kappi með FH. Fótboltaáhuginn sást bókstaflega á	95
heimilinu því brothættir hlutir tóku að hverfa, einn af öðrum.	105
Þá hafði Gylfi látið boltann vaða í ýmsa dýrindis kertastjaka og	116
blómavasa.	



1. Nefndu eitt sem gerðist árið 1989 annað en að Gylfi fæddist.
2. Hvað er líklegt að hafi haft þau áhrif að Gylfi fékk mikinn áhuga á fótbolta?

2.

Fátt annað en boltar fangaði athygli Gylfa fyrstu árin og nánast öll	12
önnur leikföng voru látin sitja á hakanum. Í stað þess að setjast niður	25
með kubba eða annað dót rauk Gylfi oftast en ekki út í garð og	39
skapaði þar sína eigin veröld þar sem hann og boltinn voru í	51
aðalhlutverki. Þetta skilaði sér í því að Gylfi varð mjög fljótt leikinn	63
með boltann og í kringum níu til tíu ára aldurinn gat hann haldið	76
bolta á lofti nánast endalaust. Það eina sem varð til þess að hann	89
hætti var þreyta í fótunum. Heimili Gylfa var algjörlega svart-hvítt	99
þegar kom að íþróttum og því kom ekkert annað til greina en að	112
byrja að æfa fótbolta með FH.	




1. Hvert var uppáhaldsleikfang Gylfa þegar hann var lítill?
2. Hvers vegna segir höfundur að heimili Gylfa hafi verið algjörlega svart-hvítt þegar kom að íþróttum?

3.

Fimm ára gamall mætti Gylfi á sína fyrstu æfingu hjá FH og hann var hjá félaginu til þrettán ára aldurs. Ellefu ára gamall var Gylfi búinn að taka ákvörðun um að verða atvinnumaður í knattspyrnu og gat vart beðið eftir því að láta drauminn rætast. Hann lagði sig allan fram á æfingunum og sýndi strax þann metnað sem hefur einkennt feril hans alla tíð síðan. Hann lét sér ekki æfingarnar hjá FH nægja því hann fór nokkrum sinnum í knattspyrnskóla til Englands, meðan annars hjá Charlton, Manchester United og West Ham og kom heim með nokkra bikara í farteskinu. Með honum í för voru pabbi hans og bróðir. Auk þess fór hann og æfði með Everton í vikutíma og keppti síðar með liðinu á stóru æfingamóti í Þýskalandi.


14
26
37
50
61
74
83
94
107
120



1. Hvað var Gylfi gamall þegar hann hætti að æfa með FH?
2. Hvaða draum átti Gylfi frá ellefu ára aldri?

4.


Auk þess fór hann og æfði með Everton í vikutíma og keppti síðar	13
með liðinu á stóru æfingamóti í Þýskalandi. Ástæðan fyrir því að	24
þessi lið sýndu Gylfa áhuga var sú að Óli Már bróðir hans hafði tekið	38
af honum myndbönd á æfingaferlinum og sent þeim út. Einnig tók	49
Gylfi þátt í íslensku knattspyrnumótunum með FH og í minningunni	59
stendur Shellmótið í Vestmannaeyjum upp úr en stemmningin sem	68
fylgdi því að ferðast til Eyja og taka þar þátt er Gylfa ógleymanleg.	81
Þegar Gylfi var þrettán ára urðu nokkur kaflaskil hjá honum þar	92
sem hann var farinn að finna til verkja í hnjám sem rekja mátti til	106
gervigrassins hjá FH en á þessum tíma var Gylfi frekar veikburða	117
líkamlega. Einnig fannst honum hann þurfa fleiri æfingar og betri	127
aðstöðu og horfði þá til grænlæddu nágranna sinna í Kópavogi,	137
Breiðabliks.	



1. Hvernig hjálpaði bróðir Gylfa honum að komast til erlendra liða?
2. Hvers vegna skipti Gylfi úr FH yfir í Breiðablik?

5.


Gylfi mætti á sína fyrstu æfingu hjá Breiðabliki í 4. flokki og sýndi	13
strax hvað í honum bjó. Á þessum árum var Gylfi hvorki sterkari,	25
stærri né fljótari en aðrir leikmenn, heldur fólust kostir hans í því að	38
hann var fljótur að hugsa, áttaði sig á því hvernig best væri að koma	52
boltanum í leik og láta spilið ganga. Einnig var hann mjög öflugur	64
í að lesa leikinn og sjá fyrir nokkur skref fram í tímann.	76
Æfingaaðstaðan var allt önnur en Gylfi átti að venjast hjá FH og naut	89
Gylfi þess að fá fleiri æfingar við betri aðstæður. Auk þess var fyrir	102
hjá Breiðabliki einstaklega sterkur hópur leikmanna sem hafði	110
mikinn metnað, þeirra á meðal var Alfreð Finnbogason sem man vel	121
eftir Gylfa á æfingum félagsins.	



1. Hvaða kosti hafði Gylfi fram yfir aðra leikmenn í fjórða flokki Breiðabliks?
2. Hvaða landsliðsfélagi Gylfa var með honum í Breiðablik?

6.


Þessi metnaðarfulli hópur tryggði að síminn hjá þjálfaranum var	9
yfirleitt rauðglóandi því strákarnir vildi sífellt fá fleiri aukaæfingar og	19
keyra eins stífa dagskrá og mögulegt var. Þar var Gylfi fremstur	30
í flokki, en auk reglubundinna æfinga stundaði hann mikið af	40
aukaæfingum þar sem hann tók svokallaðan „Beckham“ á hlutina.	49
Að taka „Beckham“ á eitthvað merkir að æfa eitthvað tiltekið	59
viðstöðulaust þar til maður nær að tileinka sér það. Auk þess mætti	71
hópurinn eldsnemma alla laugardagsmorgna í sex til átta vikur á	81
sérstakar æfingar hjá Pétri Péturssyni þar sem spilaður var	90
svonefndur tempó-bolti. Einnig var Gylfi í sérstökum styrktar-,	98
spyrnu- og hreyfiæfingum hjá bróður sínum Óla Má og Gauta	108
Grétarssyni sjúkraþjálfara. Ári síðar, þegar Gylfi mætti á sína fyrstu	118
æfingu í 3. flokki hjá Breiðabliki tók Bryngeir Torfason við honum, en	130
hann þjálfaði flokkinn á þeim tíma.	



1. Hvað er átt við þegar talað er um að sími sé „rauðglóandi“?
2. Hvað merkir það „að taka Beckham“ á hlutina?

7.

Það voru ýmsir möguleikar á borðinu þegar Gylfi ákvað að taka sín	12
fyrstu skref í átt að atvinnumennsku. Margir töldu Holland henta	22
honum best þar sem hann hafði tæknilega getu og spyrnutækni sem	33
hefði hentað vel þar. En England heillaði Gylfa meira þar sem hann	45
var með tungumálið á hreinu og hafði alltaf haft áhuga á ensku	57
knattspyrnunni. Því var ákveðið að fara til Englands og Reading varð	68
fyrir valinu, en Gylfi hafði farið fimm til sex sinnum á reynslu til	81
félagsins og þekkti því vel til. Ekki skemmdi fyrir að íslensku	92
leikmennirnir Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson spiluðu	100
fyrir félagið, en þeir hjálpuðu Gylfa mikið og voru honum góðar	111
fyrirmyndir. Það var svo árið 2005 að hjólin fóru að snúast fyrir	123
alvöru, en þá skrifaði Gylfi undir samning við Reading aðeins	133
fimmtán ára gamall.	



1. Hvers vegna töldu margir að Holland væri heppilegur kostur fyrir Gylfa sem fótboltamann?
2. Hvað merkir „að hjólin fóru að snúast“?

8.

Gylfi var sendur í fótboltaakademíu félagsins, en þar var æft á	11
hverjum degi og þurfti Gylfi að mæta um klukkan níu á morgnana	23
og vera við æfingar til að verða fimm á daginn. Undantekningin frá	35
þessari reglu voru fimmtudagar, þá voru strákarnir í bóklegu námi,	45
en samkvæmt reglum enska knattspyrnusambandsins eiga öll félög	53
að taka fimmtudaga frá fyrir bóknám og því hefur hvert lið kennara	65
á sínum snærum. Æfingarnar í akademíunni voru lengri en hjá	75
aðalliðinu og þurftu ungu mennirnir oft að sinna aukaverkefnum	84
eins og að þrifa skó þeirra eldri. Þjálfarinn var af gamla skólanum	96
og hélt uppi miklum aga með æfingum sem útheimtu meiri hraða og	108
úthald en Gylfi var vanur. En Gylfi var tilbúinn til að leggja mikið á sig	123
til að láta drauminn rætast og var það í takti við stærstu fyrirmyndir	136
hans úr enska boltanum Frank Lampard og David Beckham.	



1. Hversu marga daga í viku var Gylfi á fótboltaæfingum frá klukkan níu á morgnana til klukkan fimm á daginn?
2. Hvað var gert á fimmtudögum?

9.

Það er stórt stökk að fara út í hinn stóra heim atvinnumennskunnar	12
og þurfti Gylfi að búa einn í um hálft ár, en að þeim tíma liðnum	27
fluttu foreldrar hans út og bjuggu honum heimili í Reading. Það	38
þýddi að Gylfi gat einbeitt sér 100% að fótboltanum og komið svo	50
heim þar sem foreldrar hans voru til staðar. Þessi stuðningur var	61
lykilatriði fyrir Gylfa og hjálpaði honum við að halda réttu mataræði,	72
fá upplyftingu eftir erfiða daga og hvatningu til að halda áfram. Þessi	84
ár tóku þó á þar sem litlir peningar voru í spilu og reyndi það	98
nokkuð á samheldni og úthald fjölskyldunnar. Tekjur	105
knattspyrnumanna í unglingaliðum eru litlar sem engar til að byrja	115
með og það er ekki fyrr en leikmenn komast inn í aðallið félaganna	128
sem tekjurnar fara að aukast. Gylfi ferðaðist mikið um England árin	139
sem hann varði í Reading akademíunni og spilaði þar við jafnaldra	150
sína.	



1. Hvaða stuðning fékk Gylfi frá fjölskyldu sinni þegar hún flutti út til hans?
2. Af hverju voru peningar af skornum skammti hjá fjölskyldunni á þessum tíma?

10.


Þar sem Gylfi hóf ferilinn svona snemma í Englandi er hann skráður	12
sem uppalinn Englendingur. Kosturinn við það er sá að ensk lið	23
þurfa að uppfylla ákveðinn kvóta leikmanna sem alast upp á	33
Englandi í hverjum hópi, sem vann óneitanlega með Gylfa. Árið	43
2008 fékk Gylfi svo stóra tækifærið, en þá komst hann ásamt fimm	55
öðrum unglingum á atvinnumannasamning hjá Reading. Honum var	63
úthlutað treyju númer 34 og það má segja að á þessum tímapunkti	75
hafði atvinnumannaferill Gylfa hafist fyrir alvöru. Gylfi tók miklum	84
framförum hjá Reading. Hann lærði varnarleikinn og fékk að	93
kynnast hraðanum sem einkennir ensku knattspyrnuna, en í enska	102
boltanum fá leikmenn mjög stuttan tíma með boltann og þurfa að	113
vera fljótir að hugsa næstu skref. Þetta hentaði Gylfa mjög vel því	125
hans styrkleikar felast meðal annars í að hann er fljótur að hugsa	137
næstu leiki, gefur nákvæmar sendingar og tekur baneitraðar auka- og	147
hornspyrnur.	



1. Hvers vegna var Gylfi skráður sem Englendingur í liðinu sínu?
2. Hvert var fyrsta treyjunúmer Gylfa sem atvinnumanns í fótbolta?

11.


Gylfi fékk fyrsta tækifærið með aðalliði Reading í ágúst 2008 en þá	12
sat hann á bekknum. Tveimur vikum síðar kom Gylfi svo inn á í fyrsta	26
sinn í leik Reading gegn Luton Town í deildarbikarnum. Gylfi skoraði	37
svo fyrsta markið fyrir Reading í bikarleik liðsins á móti Stoke í	49
september 2008, en þá kom hann inn á völlinn sem varamaður á	61
95. mínútu framlengingar. Leikurinn endaði í vítaspyrnukeppni og	69
Gylfi skoraði úr sinni spyrnu. Stuttu eftir leikinn var Gylfi lánaður	80
til Shrewsbury til að hann fengi meiri tíma til að spila og öðlaðist	93
hann þar dýrmæta reynslu. Þaðan var hann lánaður til Crewe	103
Alexandra, en þar var Guðjón Þórðarson knattspyrnustjóri. Gylfi	111
sneri aftur til Reading reynslunni ríkari, enda hafði hann þá spilað	122
fleiri en tuttugu leiki með framangreindum liðum. Það varð fljótt	132
ljóst að hann hafði nýtt lánstímann vel. Þegar Gylfi mætti aftur til	144
Reading fyrir 2009/2010 tímabilið hafði Brendan Rogers tekið við	153
sem knattspyrnustjóri og hann gaf Gylfa snemma tækifæri til að spila	164
með aðalliðinu.	



1. Á móti hvaða liði skoraði Gylfi fyrsta markið sitt sem atvinnumaður í fótbolta?
2. Hvað græddi Gylfi á að vera lánaður til annarra liða?

12.

Gylfi opnaði tímabilið með marki gegn Burton Albion í	9
deildarbikarnum og skoraði svo annað mark í leik sem endaði í 2-3	21
tapi Reading gegn Peterborough United í september 2009. Þetta var	31
bara forsmekkurinn af því sem koma skyldi hjá Gylfa þetta tímabil,	42
en í heildina skoraði hann tuttugu mörk í fjörtíu og fjórum leikum.	54
Í mars 2010 skoraði Gylfi fimm mörk í sex leikjum og var í kjölfarið	68
valinn leikmaður B-deildarinnar í Englandi þann mánuðinn. Í lokaleik	77
tímabilsins gegn Preston North End skoraði Gylfi og hlaut svo titilinn	88
leikmaður ársins hjá Reading tímabilið 2009/2010. Árangur Gylfa	96
vakti áhuga ýmissa liða, en hann lét það sem vind um eyru þjóta	109
og skrifaði undir þriggja ára samning við Reading í maí 2010. Það	121
var þó áhugi eins tiltekins stuðningsmanns Reading sem átti eftir að	132
reynast örlagavaldur í lífi Gylfa. Sá var sonur Ralfs Rangnick, þjálfara	143
Hoffenheim í Þýskalandi. Það var svo í lok ágúst sem Gylfi gekk til	156
liðs við þýska liðið.	



1. Hvernig gekk Gylfa þetta tímabil sem hann spilaði með Reading?
2. Hvaða titil fékk Gylfi í mars 2010?

13.


Þegar Gylfi kom til Hoffenheim kynntist hann öðruvísi fótbolta en	10
hann var vanur. Þar var meira um að spilað væri maður á mann og	24
mikið hugað að því hvaða uppstillingu og taktík ætti að beita gegn	36
andstæðingunum. Einnig var æfingaaðstaða leikmanna mun betri	43
og fullkomnari en Gylfi átti að venjast hjá Reading. Gylfi varð	54
fljótlega mjög vinsæll meðal stuðningsmanna félagsins enda átti	62
hann góðu gengi að fagna fyrsta tímabilið, en hann spilaði þrjátíu	73
og tvo leiki og skoraði tíu mörk. Það skilaði sér svo í því að í lok maí	90
2011 völdu stuðningsmenn liðsins Gylfa sem leikmann tímabilsins.	98
Í kjölfar þjálfaraskipta hjá Hoffenheim var Gylfi settur út í kuldann,	109
en náði svo að spila sig inn í liðið á ný og komst á gott skrið. Þá	126
var enn og aftur skipt um þjálfara og hófst þá sama rússíbanareiðin	138
fyrir Gylfa. Einnig komu til meiðsl sem hjálpuðu ekki til við að halda	151
honum inn í myndinni.	



1. Hvað var ólíkt við knattspyrnuna sem leikin var í Hoffenheim miðað við Reading?
2. Hverjir völdu Gylfa leikmann tímabilsins 2010-2011 í Hoffenheim?

14.


pótt Gylfi sé gæddur einstakri þolinmæði var mælirinn hægt og	10
rólega að fyllast, enda hafði hann mikinn metnað til að sýna	21
hæfileika sína með aðalliði félagsins. En það var þá sem Gylfi fékk	33
símtalið frá gamla þjálfaranum sínum hjá Reading, sjálfum Brendan	42
Rodgers, sem hafði þá nýlega tekið við Swansea sem spilaði í ensku	54
úrvalsdeildinni og vissi hvað bjó í Gylfa. Samningar náðust milli	64
félaganna og Gylfi var lánaður frá Hoffenheim til Swansea út	74
tímabilið 2011-2012. Af þessu tilefni var rætt við þáverandi	83
knattspyrnustjóra Hoffenheim sem sagði í samtali við BBC að þetta	93
væri gott tækifæri fyrir Gylfa til að komast í leikæfingu	103
og endurheimta fyrri styrk, en hann hafði misst af	112
undirbúningstímabilinu vegna meiðsla. „Það sem stendur upp	119
úr eftir tímann hjá Hoffenheim er að ég fékk tækifæri til að spila	132
í þýsku deildinni, ég lærði nýtt tungumál og í raun var þetta	144
stökkpallur til að komast í ensku úrvalsdeildina“ sagði Gylfi eftir	154
Þýskalandsdvöl sína.	



1. Hvað varð til þess að Gylfi fór frá Þýskalandi og aftur til Englands?
2. Hvað hafði Gylfi að segja um dvöl sína í Þýskalandi?

15.

Gylfi spilaði sinn fyrsta leik í úrvalsdeildinni 15. janúar 2012, en þá	12
kom hann inn á völlinn af bekknum í seinni hálfleik og átti	24
stoðsendingu sem leiddi til sigurmarks Swansea í 3 – 2 sigri gegn	35
Arsenal. Það var svo 4. febrúar að Gylfi skoraði sitt fyrsta mark fyrir	48
liðið, en það var á útivelli og leikurinn endaði með 1 – 2 sigri gegn	62
West Bromwich Albion. Gylfi byrjaði leikinn og var allt í öllu. Í	74
sókninni skilaði hann marki og stoðsendingu og í vörninni náði hann	85
meðal annars að hreinsa á línu. Í kjölfarið var Gylfi valinn maður	97
leiksins af Sky sjónvarpsstöðinni og fékk 9 af 10 í einkunn fyrir	109
frammistöðuna. Þarna var búið að ræsa hafnfirsku knattspyrnu-	117
vélina og ekki var aftur snúið. Gylfi skoraði samtals sjö	126
mörk fyrir Swansea í nítján leikjum og átti þrjár stoðsendingar.	136
Gylfi var valinn leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar í mars 2012, en	146
hann er fyrsti Íslendingurinn til að hljóta þessa viðurkenningu fyrir	156
frammistöðu sína í einni erfiðustu deild heims.	



1. Með hvaða hætti setti Gylfi mark sitt á fyrsta leikinn sem hann spilaði fyrir Swansea?
2. Hvað gerði Gylfi í leiknum á móti WBA sem færði honum titilinn „Maður leiksins“?

16.

Eftir að hafa kætt stuðningsmenn liðsins þetta hálfu tímabil var	10
ljóst að stjórnendur Swansea yrðu að gera allt sem þeir gætu til að	23
kaupa Gylfa frá Hoffenheim. Í fyrstu leit það mjög vel út og komust	36
forráðamenn félaganna að samkomulagi um kaupin í maí 2012.	45
Einungis átti eftir að ganga frá nokkrum lausum endum þegar stórar	56
fréttir bárust. Brendan Rodgers tilkynnti stjórninni að hann væri á	66
förum frá félaginu til þess að stýra Liverpool. Við þessi tíðindi virtist	78
sem samningarnir um kaupin á Gylfa færu út um þúfur. Fljótt varð	90
þó ljóst að Gylfi vildi halda áfram að spila í ensku úrvalsdeildinni og	103
finna sér lið þar. Stjórnendur Hoffenheim sýndu því skilning og gáfu	114
honum mánaðarfrest til að ganga frá sínum málum. Það var ljóst á	126
þessum tímapunkti að Gylfi hafði úr nokkrum möguleikum að velja.	136
Brendan Rodgers sagði í viðtölum að hann hefði áhuga á að taka	148
Gylfa með sér til Liverpool og hann var einnig orðaður við fjölda	160
annarra liða.	



1. Hversu lengi spilaði Gylfi með Swansea?
2. Hvers vegna varð ekkert úr því að Swansea keypti Gylfa af Hoffenheim?

17.

Þetta sagði Gylfi um dvöl sína hjá Swansea: „Þarna var ég kominn í	13
ensku úrvalsdeildina sem ég hafði horft á allt mitt líf og nú fékk ég	27
loksins tækifæri til að spila í henni. Það má segja að þarna hafi einn	41
af mínum stærstu draumum ræst. Flesta stráka dreymir um að spila	52
í þessari deild og fyrir mig að stíga inn á völlinn í fyrsta skipti	66
var mjög skrítið, en á sama tíma mjög spennandi ... Eitt af því	79
eftirminnilegasta frá þessum tíma hjá Swansea er fyrsta markið	88
sem ég skoraði í ensku úrvalsdeildinni. Ég man að það var mikil	100
snjókoma á þeim leik og mjög kalt. Alltaf þegar ég sé myndir af mér	114
að fagna markinu fæ ég gæsaþétt enda einstök stund í mínu lífi.“ Að	127
endingu krækti Tottenhamliðið í kappann. Gylfi sagði síðar í viðtali	137
að hann hafi valið rétt með því að ganga til liðs við Tottenham í stað	152
Liverpool, þó að það hafi verið erfitt að færa Brendan Rodgers	163
fréttirnar.	



1. Hvaða tilfinningu upplifði Gylfi fyrst þegar hann steig fyrst inn á fótboltavöll til að spila í ensku úrvalsdeildinni?
2. Við hvaða félag samdi Gylfi að lokum?

18.


Þessi nýi kafli í lífi Gylfa hófst með látum, en strax á undirbúnings-	13
tímabilinu skoraði okkar maður mörk í æfingaleikjum. En þrátt fyrir	22
sterka innkomu á undirbúningstímabilinu átti Gylfi erfitt með að	31
festu sig í sessi í aðalliðinu. Stærð leikmannahópsins var að stórum	42
hluta um að kenna en einnig komu til stöðugar breytingar	52
knattspyrnustjórans á liðinu. Þetta varð til þess að Gylfi byrjaði	62
einungis í tólf leikjum liðsins í ensku úrvalsdeildinni leiktímabilið	71
2012-2013 og kom svo inn á sem varamaður í tuttugu og einum leik.	84
Samtals skoraði Gylfi þrjú mörk í þessum leikjum. Gylfi spilaði tvo	95
leiki í deildarbikarnum og skoraði þar eitt mark. Hann spilaði svo	106
ellefu leiki í Evrópu deildinni og skoraði þar þrjú mörk. Auk þess	117
spilaði hann tvo leiki í FA bikarnum. Niðurstaðan varð sú að Gylfi	129
var sá leikmaður liðsins sem spilaði flestar mínútur í heildina.	139
Tottenham endaði í 5. sæti í ensku úrvalsdeildinni tímabilið	148
2012/2013 aðeins einu stigi á eftir erkifjendunum í Arsenal.	



1. Af hverju gekk Gylfa illa að festu sér sæti í byrjunarliði Tottenham?
Nefndu tvær ástæður.
2. Í hvaða sæti ensku úrvalsdeildarinnar hafnaði Arsenal þetta tímabil?

19.

Í aðdraganda leiktímabilsins 2013-2014 heyrðist hávær orðrómur um að einn besti leikmaður Tottenham, Gareth Bale, væri á förum til Real Madrid. Gylfi og Bale voru góðir vinir og Gylfi lagði mikla áherslu á það í viðtölum að félagið yrði að halda í Bale. En 1. september 2013 tilkynntu forráðamenn Real Madrid að þeir hefðu fest kaup á Gareth Bale fyrir metfé. Salan átti eftir að hafa áhrif á stöðu Gylfa hjá Tottenham því félagið ákvað að eyða drjúgum hluta peninganna sem þeir fengu í nýja leikmenn og voru hvorki meira né minna en fimm leikmenn keyptir sem gátu spilað á miðjunni. Þar með urðu möguleikar Gylfa takmarkaðri. Tímabilið 2013-2014 fór vel af stað og þrátt fyrir leikmannakaupin fékk Gylfi að spila töluvert og nýtti tækifærin vel. 30. október skoraði Gylfi svo mark tímabilsins gegn Hull en eftir sendingu rakti hann boltann áfram og negldi honum svo af krafti í netið af tuttugu og fimm metra færi.



1. Hvaða leikmann seldi Tottenham til Real Madrid?
2. Af hverju voru möguleikar Gylfa minni hjá Tottenham í kjölfar þessarar sölu?

20.

Undir lok ársins fór liðinu að ganga illa og tapaði nokkrum mikilvægum leikjum. Það var svo 15. desember sem forsvarsmenn Tottenham fengu nóg og ráku þjálfarann eftir 0–5 tap á heimavelli gegn Liverpool. Í janúar opnaðist fyrir leikmannaskipti og barst Tottenham þá tilboð í Gylfa frá gamla félaginu hans Reading, en alltaf neitaði Tottenham að selja. Á þessum tímapunkti sýndu fjölmörg lið Gylfa áhuga, en Tottenham vildi fá tíu milljónir punda fyrir hann. Swansea sótti það hart að fá Gylfa til sín og voru tilbúnir að greiða þessa upphæð. Úr varð að Gylfi fór aftur til Swansea. Áhrifa Gylfa gætir þó áfram hjá Tottenham en hann og Christian Eriksen voru miklar fyrirmyndir fyrir Harry Kane sem hefur heldur betur skotist upp á stjörnuhimininn. „Það er erfitt að yfirgefa lið sem ég naut þess að spila fyrir, en um leið og Swansea kom inn í myndina var þetta auðveld ákvörðun.“ Þetta sagði Gylfi í júlí 2014, stuttu eftir að hafa skrifað undir samning við Swansea í annað sinn á ferlinum.

11
20
32
41
52
61
72
86
98
109
119
131
146
158



1. Hvers vegna var þjálfari Tottenham rekinn?
2. Hvaða leikmaður Tottenham hafði Gylfa sem fyrirmynd?